

Ég sé þig alveg halda áfram að ganga en þú ert hættur að ganga á eftir mér. Ég veit það bara. Hugsanir mínar ráfa fram og tilbaka á meðan ég stend í gulu regnkápunni minni á götuhorni um miðja nótt. Það er búið að rigna endalaust. Þó að þú sért hættur að ganga á eftir mér þá er ég samt hlaupandi. Hlaupandi á eftir þér og maraþoninu er hvergi að ljúka. Í hjartanu rata ég alveg en götukort hugans er eitthvað snúið. Hvernig getur götukort hugans spilað svona grimmt með mig og sent mig í rangt heimilisfang? Rangt fyrir hjartað. Eða var það? Spóabraut 2, hver var hugsunin? Hugsunin var hann, því miður. Ég sentist þangað í kvöld en þegar að ég lít aftur yfir götukortið kemur í ljós að þetta er einstefnu gata. Ég vissi það. Þegar að ég labbaði frá húsinu fann ég fyrir því aftur en tárin mín vildu ekki trúa því. Þetta er mín einstefnugata. Hann keyrir stundum á móti mér en það er algjörlega aðeins þegar að honum hentar. Gata tilfinninga. Ég skoðaði líka skipulagið grannt. Það eru engar vegaframkvæmdir í nánd. Er þetta gata lífs míns? Ég hef gengið þessa götu svo lengi núna. Ég trúir því að endarstaður götu lífsins sé himnaríki. Hjá öllum. Þar að segja ef maður hagar sér vel. Haga sér vel og haga sér illa. Hver situr eiginlega með blað og penna í himnaríki og skrifar reglur? Hver er sá sem semur eiginlega þessar reglur? Rautt blikkandi ljós. Tákn um reglu. Ég tengi umferðareglurnar við einbeitinguna mína. Við yfirlit götukortsins sé ég margar krappar beygjur. Sumar götur hafa lokast og sumar eru ennþá opnar. Þessi gata var opin. Hugsanir mínar við húsið hans voru um hvort að ég vildi fara aftur í heimsókn eða var ég komin með nóg? Kannski bara einn te sopa til viðbótar. Þráin um að laga allt. Minnimáttarkennd. Ég féll. Sporin mín voru þung að dyrunum. Ég vissi alveg allt sem fór rangt en það var ekki frá mér. Mig langaði að sýna reiði mína við andlitið á honum. Kannski myndi vakna einhver væntumþykja tilbaka. Svo ég spurði "Drakkstu gamla skógarberja te'ið frá Ítalíu í gær?" hann leit snöggt yfir borðið. Ég vissi alveg svarið því að ég sá það sjálf en hann vissi það ekki. Honum blöskraði við spurninguna. Með lágu játandi svari frá honum sagði ég "En það var ónýtt". Reiðin og tárin tóku mig en hann blikkaði ekki. Hann vissi að ég myndi ekki vilja þau. Þau orðin. Þau særðu alltaf meira. Hann vissi líka alveg aðgerðir sínar þó að ég vildi ekkert vita né trúa. Honum var bara sama. Ekki um mig, en um að spila mig svona. Hann vissi bara að hann hefði mig alltaf því að ég trúði. Tíminn og orðin sem að við höfum eytt í þennan blessaða te pakka. Ég vildi ekki að hann fengi sér einn sopa, aldrei aftur og ekki heyra orð um innihaldslýsingarnar. Allar þessar sögur, hann vissi það. Gastu ekki skilið það eftir? Eftir að ég varð þín? Það var hún. Hún var gædd dökkri hörund ásamt gull brosi. Sendipakka te'ið frá Ítalíu. Hann skildi dýpri merkinguna og það var nóg. Þögnin lét mig hugsa hvað hugsanirnar mínar eru lítið uppsagðar. Ég reyni samt að festa þær á blað þegar nægur rólegur tími gefst. Ég hugsa svo oft hvað það yrði frábært ef að allt það sem ég hugsa myndi skrifast á blað og birtast svo bara á skrifborðinu inni hjá mér. Minn still af sögum og hugsunum. Hugsanir

um sigur. Það er rosalega erfitt að sigra heiminn eins og ég vil gera ef að maður veit ekki hvernig. Sigrá hugsanir og tilfinningar. Ég þarf að temja mér betur að hugsa ekki um allt í hringi áður en ég fer að sofa. Því að eftir allt, öll orðin og öllu sem er lokið er ekki hægt að breyta því. Hlutirnir fara ekkert tilbaka þó að maður hugsi um þá í klukkutíma áður en maður fer að sofa. Aftur á móti getur maður hugsað þá aftur og reynt að læra af þeim. Hvað vill maður læra? Stundum held ég að maður vilji endurupplifa nokkur misstök. Þrátt fyrir að þau flokkist undir misstök þá voru þau kannski góð. Allaveganna sum þeirra. Ég held að hann sé að flokkast undir misstök. Hugsunin tók mig og ég stóð upp án orða. Labbaði út. Ég skellti hurðinni og útilokaði spurningarnar frá honum. Ég veit að ég er ekki allt fyrir honum. Það vita það allir. Líka hver einasti regndropi. Það voru bara aðgerðir gærkvöldsins sem gerðu útslagið. Ég þurfti þetta útslag. Annars hefði ég haldið áfram að trúá. Þetta er ekkert venjulegur te pakki. Hann hefur alltaf verið þarna, heilt ár. Heilt ár og ég er að labba út núna. Aðgerðir sjálfstraustsins. Setningar hjartans sem að ég myndi aldrei þora að segja verða hugsanir. Reiðin nálgast og augun mín stækka. Ég meina síðan að ég er ekki allt fyrir þér, hvernig væri þá að ég væri ekki neitt? Gætiru tekið á móti því? Ég gafst loksins upp. Þú ert vara sem að ég gat ekki skipt án þrautar. Þú gjörsamlega drógst mörkin að sjálfum þér líkt og útsöluvöru í Hagkaup á jólnum þetta kvöld. Hún er gangandi tilboðsvara. Fyrir þig og alla. "Athugið aðeins skilafrestur til 31. desember" nei bíddu "allt árið" stendur á henni. Kannski hefði ég aldrei átt að taka umbúðirnar utan um þig. Var ennþá hægt að skipta? Einum degi seinna eða voru umbúðirnar mikið formsatriði. Æi ansans kannski ég þurfi að tala við starfsmann skiptingu ónýtra hluta. Því að það sem var er ónýtt. Það sem var frá mér. Ég er hætt að ganga þessa einstefnu götu. Kannski var hún alltaf fyrir báðar akreinar en ég fann aldrei fyrir því, allaveganna ekki frá þér. Kannski er það betra. Ég hugsa það allaveganna núna. Ég er búin að missa öll trompin mín. Þú blöffaðir hjartað mitt og vannst leikinn. Í heilt ár en ekki mínútu lengur. Það á svo sem ekkert að vera erfitt að vinna leik sem að þú setur upp sjálfur. Þinn leikur er án trompa andstæðingsins. Ég vil ekki einu sinni fá vöruskipti og engin spil úr þínum spilabunka aftur. Bið um mínar tilfinningar tilbaka en þú mátt alveg vera uppi í hillu í Hagkaup eins lengi og það tekur fyrir þig að ná áttum. Er þetta það sem þú varst að sækjast eftir eða hélstu að þú værir að tapa í smá stund? Leik sem að enginn setti fyrir framan þig nema þú sjálfur. Ég var greinilega ekki nógu góð verðlaun. Ég fatta ekki skilninginn á því að velja þennan leik þegar að það er til safn leikja í skúffunni heima hjá þér. Afhverju prófaðir ekki minn leik betur? Ég hvarf allaveganna úr huga þínum þetta kvöld að ég sá sjálf. Mín eigin augu. Mörg önnur kvöld líka að mér heyrir af sjónum annarra. Æðislegt. Kaldhæðnin málur orðin mín vondum lit. "Þú veist að ég hef geymt þennan te pakka síðan að þú varðst ástin mín" sagði hann við efasemdum mínum. Alltaf. Heppin ertu að augun mín fylgdu þér ekki hvert sem að þú fórst. Ef augun mín hefðu

verið föst á veggnum í svefnherberginu okkar þá hefði ég séð allt fyrr. Allt sem var vont á jörðinni fyrir mig. Afhverju gastu ekki séð að jörðin er bara flugvöllur tækifæra fyrir mig og þig? Ég vildi það. Við þurftum samt bæði að taka flugið. Tvö vegabréf. Stefndum við hátt eða lágt áður? Kannski vissuru það en sagðir mér aldrei. Leynileikir og gátur. Ég er búin að gera upp hug minn. Viltu reyna? Viltu með? Þetta var tilboð frá mér. Vitneskjan um að ég muni skriða aftur til þín á endanum kom upp. Þarf annað land. Ég get ekki skriðið yfir hafið. Ekki einu sinni yfir hafið og til þín. Þarna komu hugsanir skynseminnar. Gulur taxi keyrði framhjá mér og stoppaði. “Upp á flugvöll takk” sagði ég í flýti. Vonandi enda hlaupin mín hér og ég finn ró þegar bílinn tekur af stað. Tárin streyma þegar ég keyri frá götuhorni hugsanna minna. Þessi gata má lokast hugsa ég. Rigningin er orðin meiri. Einn miði og ég flýg í burtu. Átakanlegt að segja það en ég er að fljúga í burtu frá hjartanu mínu. Ég veit það bara.